

Tillaga til 422. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 19. september 2018

Tillaga 431. fundar velferðarnefndar frá 11. september sl. um að þjónustuhópur aldraðra verði lagður niður og öldungaráð taki við lögbundnum skyldum þjónustuhópsins, auk þess sem félagsmálateymi taki við forgangsröðun á biðlista eftir þjónustuíbúðum í eigu Ísafjarðarbæjar. Jafnframt er lagt til að samþykktar verði breytingar á erindisbréfi velferðarnefndar m.t.t. þessa.

Gera þarf breytingar á bæjarmálasamþykkt og samþykktum um öldungaráð.

2. Nefndarmenn 2018-2022 - 2018050091

Lagt fram minnisblað Margrétar Geirsdóttur og Sædísar Maríu Jónatansdóttur um þjónustuhóp aldraðra. Minnisblaðið greinir frá breytingum á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem þjónustuhópur aldraðra er lagður niður og öldungaráð tekur við lögbundnum skyldum hans. Þjónustuhópur aldraðra hefur jafnframt annast forgangsörðun á biðlista eftir þjónustuíbúðum í eigu Ísafjarðarbæjar. Lagt er til að félagsmálateymi á velferðarsviði taki við því hlutverki. Einnig lögð fram drög að erindisbréfi fyrir velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar. Jafnframt lögð fram til kynningar samþykkt um öldungaráð í Ísafjarðarbæ.

Velferðarnefnd leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að félagsmálateymi á velferðarsviði taki við því hlutverki þjónustuhóps að úthluta leiguíbúðum á Hlíf og Tjörn á grundvelli fyrirliggjandi reglna.

Velferðarnefnd leggur jafnframt til við bæjarstjórn að erindisbréf velferðarnefndar verði samþykkt með áorðnum breytingum. Að lokum bendir nefndin á að gera þurfi breytingar á bæjarmálasamþykkt og skipan í öldungaráð á grundvelli nýrra laga.